


# Opinskátt um ofbeldi



Skýrsla þróunarverkefnis

# Um verkefnið

**Verkefnið** var liður í að framfylgja aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.

**Starfsstaðir** sem tóku þátt í verkefninu voru leikskólinn Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland.

**Stýrihóp** verkefnisins skipuðu, Inga Sigurðardóttir og Guðbjörg Edda Hermannsdóttir frá Grandaskóla, Rannveig Bjarnadóttir leikskólanum Gullborg, Steinunn Grétarsdóttir og síðar Martin Bruss Smedlund frístundaheimilinu Undralandi og Halldóra Gunnarsdóttir mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Auður Magdís Auðardóttir, fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs var verkefnastjóri verkefnisins í upphafi en síðar tóku við því hlutverki Sigríður Marteinsdóttir ásamt Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur og Huldu Valdísi Valdimarsdóttur.

**Bakhópur**, sérfræðingar í ofbeldismálum m.a. frá Barnahúsi, Kvennaathvarfinu, Barnavernd og Háskóla Íslands voru stýrihópnum til stuðnings í byrjun.

**Markmið** verkefnisins er að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því.

**Samræmd** viðbragðsáætlun vegna gruns um ofbeldi gegn barni sett saman og kynnt starfsfólki starfstaðanna haustið 2014.

**Fræðslufundur** með öllu starfsfólki í lok september 2014. Fræðsla frá sérfræðingum um birtingamyndir ofbeldis og hlutverk skóla í því samhengi, fræðsla frá Björgu Guðrúnu Gísladótturí janúar 2015.

# Niðurstöður

- **Reynsla** starfsstaðanna af verkefninu hefur verið góð.
- **Fræðsluefni** sem auðveldar starfsfólki á vettvangi að ræða opinskátt um ofbeldi, hefur verið safnað saman, auk fræðsluefnis tengdu verkefninu til notkunar fyrir starfsfólk á skóla- og frístundasviði.
- **Mat** á verkefninu fór fram meðal starfsfólks á starfsstöðunum, haust 2014 og aftur vor 2015.
- **Marktækur** munur á milli ára. Starfsfólk virtist þekkja betur einkenni ofbeldis og fyrstu viðbrögð ef grunur vaknar um ofbeldi, sem dæmi þekktu mun fleiri einkenni kynferðisofbeldis í könnuninni 2015 en árið áður.
- **Fræðslan** hefur að líkindum aukið meðvitund og eflt öryggi starfsfólks í því að tala opinskátt um ofbeldi í sínu starfi.
- **Sóknarfærin** eru ennþá mörg í þessum efnum og stuðningur við starfsfólk þar lykilatriði



# Hugmyndir

- Hvað er að gerast á þessari mynd ?
- Hvernig líður barninu ?
- Fylgir tilfinningin barninu hvert sem það fer, t.d. út að hjóla?
- Hvernig haldið þið að hægt sé að losna við þetta svarta ský sem er á myndinni?
- Eigið þið einhvern stað þar sem ykkur líður alltaf vel?
- Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?



# Hugmyndir

- Hvað er að gerast á þessari mynd?
- Hvernig haldið þið að börnum líði þegar fullorðnið fólk sem þeim þykir vænt um er ósátt, er að rífast eða að slást?
- Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?





Zzzzz  
Zzzzz



# Hugmyndir

- Hvað er að gerast á þessari mynd?
- Hvernig líður barninu?
- Hvað er klukkan á myndinni?
- Af hverju haldið þið að fullorðna manneskjan sé ennþá sofandi (þreyta, vanlíðan, veikindi, áfall, neysla)?
- Af hverju haldið þið að barnið sé að reyna að vekja fullorðnu manneskjuna?
- Hvert haldið þið að barnið sé að fara?
- Hver ber ábyrgð á því að þið mætið á réttum tíma í skólann, borðið morgunmat og hafið með ykkur nesti?
- Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

# Lagt er til:

- ✓ Að ábyrgðaraðili verði skipaður til þess að fylgja verkefninu eftir.
- ✓ Að verkferlar um viðbrögð vegna gruns um ofbeldi verði til á öllum starfsstöðum SFS.
- ✓ Að veggspjöld og fræðsluefni, sjá fylgiskjöl, verði aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.